Framkvæmdasýslan
Ríkiseignir

VERKFUNDUR NR. 02

Fundarstaður:	FSRE	**Verkheiti:**	633 1791 FLATEYRI STYRKING VARNA
Dagsetning:	11.08.2022	**Verknúmer:**	633 1791
Fundarmenn:		**Tilvísun:**	633 1791 Flateyri styrking varna

(JGG) Jóhann Gunnar Gunnarsson, FSR johann.g@fsr.is
(HH) Helgi Hinriksson, Kövunarþjónustan, Helgi Hinriksson helgi@diving.is
(SH) Sigurður Hlöðversson, FSR, Sigurður Hlöðversson <sigurdur.h@fsr.is>
(D) Donatas, Kövunarþjónustan, donatas@diving.is
(T) Tomas, Kövunarþjónustan, tomas@diving.is
(HP) Hafsteinn Pálsson, Ofanflóðasjóður, Hafsteinn Pálsson Hafsteinn.Palsson@uar.is
(EP) Ekísabet Pálmadótir, Ofanflóðasjóður, elisabet.palmadottir@urn.is
(ARÖ) Axel Rodrigues Överby, Ísafjarðarbær, Axel Rodriguez Överby axelov@isafjordur.is
(AJ) Arnþór Jónsson; Verkís, aj@verkis.is

Til staðar: JGG, HH, AJ,HP,EP.

Fundarefni: ***Annar verkfundur verkefnis.***

Dagskrá fundar:

Dagskrá fundarins var að fara yfir stöðu verkframkvæmdar verktaka í sumar.

Fara yfir verkáætlun, stöðu verks, framvindu og aðra mikilvæga þætti verkframkvæmdar.

1. **Skil á gögnum verktaka vegna verksamnings.**
   - Verkáætlun (tíma-, greiðslu- og mannaflaáætlun). Poject plan.
     Fá undirverktaka til að undirrita hana og samþykkja.
   - Verktryggingu.
   - ÖHU áætlun. Þarf að aðlaga að verkinu.
   - Fylgiskjal undirverktakar

   Verktaki hefur sent nauðsinleg gögn.
2. **Fyrirkomulag verkfunda**
   Á tveggja vikna fresti yfir framkvæmdatímann á Flateyri eða á Teams eftir atvikum.
3. **Umsjón verkkaupa**
   Umsjónar- og eftirlitsaðili verkkaupa er:
   Framkvæmdasýslan Ríkiseignir FSRE, Jóhann G. Gunnarsson (8642210)
4. **Umsjón verktaka, undirverktakar**
   Verkefnastjóri - Helgi Hinriksson
   Yfirverkstjóri - Tomas Bugys
   Öryggisstjóri - Tomas Bugys
   Undirvektaki - DTV Verk ehf. (6902161240)
5. **Verksamningur**
   Verktaki biður um að fresta verki fram á næsta ár þar sem veðurgluggi verks er lítill og efni hefur komið seint á verkstað. Ein af ástæðum þess er að veðurgluggin er lítill og möguleiki á frosti í

lok september. Aðilar eru sammála um að vegna lengingar á útboðstíma sem ekki var á valdi aðila að stjórna. Stuttur tímagluggi var til að byrja á verki 2021. Vegna þess að vetraraðstæður eru og ekki er hægt að vinna verk vel og við öruggar aðstæður er verktaka veittur frestur til að byrja á verki í sumar samkvæmt verkáætlun.

Stefnt að verklokum í lok sumars 2022

Farið var yfir að verkáætlun, verktrygging, verkmöppu gæðakerfis, ÖHU áætlun.

Framlögð tímaáætlun er samþykkt af fulltrúa verkkaupa.

Eftirlit yfirfór áhættugreiningu verktaka og telst hún fullnægjandi.

Upplýsingar um öryggisáætlun og um gæðaáætlun sem verktaki lagði fram er yfirfarin.

Undirritun verksamnings lokið.

Sett hefur verið upp framvinduform FSRE og það sent á verktaka.

6. Öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismál

Öryggisáætlun og um gæðaáætlun liggur fyrir. Farið var yfir öryggi verktak á verkstað og það var fullnægjandi og verktaki er með tæki til uppsöfnun á olíu og viðkvæmum efnum á verkstað. Verktaki fylgir reglum FSRE samkvæmt útboði á Vatnsverndarsvæðinu. Öll tæki og búnaður er lekaskoðaður.

7. Aðstaða verktaka og athafnasvæði

Verktaki verður með aðstöðu á Flateyri. Búnaður til borunnar er upp á fjalli ásamt grindum sem settar verða upp. Verktaki mun flytja starfsmenn eftir slóða í fjallinu ásamt minni háttar tækjum og efni með jeppa.

8. Mælingar, efnisrannsóknir

Höller hefur mælt upp svæði og útsetningar á grindum sem fara í fjallið þann 15 Júlí að viðstöddum Arnþór frá Verkís og verktaka.

9. Framkvæmdir frá síðasta verkfundi

Verk hófst í Júli 2022 og 15 Júlí kom Höller til að setja út punkta. Gert var ráð fyrir að hefja og ljúka flutningi efnis með þyrlu þann 18 Júlí en verk dreifðist yfir á þrjá daga og kláraði verktaki að flytja efni með þyrlu þann 26 júlí. Einnig hefur verið flutt efni og borar með vegslóða sem verktaki hefur unnið við að uppfæra í Júní viku fyrir verkbyrjun. Um er að ræða ca. 30 ára vegslóða sem lagfæra þurfti til að komast að vinnusvæði.

Verktaki er byrjaður á því að bora fyrir bergboltum og fyrir testboltum fyrir hönnuði. Um 11 borholur voru komnar fyrir grindur þann 26.07.2022. Thomas frá verktaka nefndi að borholur fyrir grindur væru að jafnaði með 1.5 metra af klöpp neðst í holu enn sem komið er. Einnig kom fram að holur eru fullar af vatni og veldur það vandræðum við vinnu verktaka. Borholur sem boraðar vour 27.06.2022 voru með ca. 2 metra dýpt í klöpp. Búið er að bora fyrir þremur testholum sem eru grautaðar nú þegar.

Verktaki gerir ráð fyrir að grauta á þriðjudögum og föstudögum gera má ráð fyrir breytingu á þeirri tímasetningu sem verktaki sendir upplúsngar um fyrir grautun.

11.08.2022 er verktaki búinn að bora 116 holur og vinna gengur vel þrátt fyrir mikla bleitu og rigningar. Hraði verks er það mikill að hugsanlega klárast verk fyrir næsta verkfund.

10. Framkvæmdir fram að næsta verkfundi

Unnið verður við borun borhola og grautun. Einnig mun uppsetning grinda fara af stað og hugsanlega klárast hún fyrir næsta verkfund.

11. Verkáætlun – staða verksins

Verk er farið af stað við borholur. Test borholur tilbúnar og grautaðar.

Grautun á þriðjudögum og föstudögum í samræmi við plan og ef breytingar verða mun verktaki tilkynna þær.

Yfirfarin verkáætlun af FSRE og hún er samþykkt.

Gert er ráð fyrir að hægt sé að testa fyrstu borholur eftir ca. Mánuð í fyrsta lagi.

12. Afhending gagna

Verktaki hefur lagt fram eftirtalin gögn til undirbúnings skriflega verksamnings.

Verktryggingu

Tímaáætlun

Greiðsluáætlun og mannaflaáætlun.

ÖHU áætlun

Gæðastjórnunarkerfi

Öryggis og umhverfisstefna

Verkáætlun.

13. Verkefnavefur

Er ekki notað.

14. Rekstur og verkefnisstýring verktaka

Ekki er það tekið fyrir enda er verkefnisstýning mjög góð og án athugasemda.

Verktaki sendi upplýsingar um grautin til FSRE og Verkís.

15. Samskipti við yfirvöld og veitustofnanir

Öll tilskilin leyfi til framkvæmdanna liggja fyrir.

16. Breytingar á framkvæmdatíma, verklýsingar og teikningar

Verktími hefur verið legndur út sumar 2022.

17. Efnissamþykki

Borvídd 110 mm og verkís er að yfirfara í samræmi við gögn, Verktaki sendir steypulýsingu, nefnt var að notuð er boltagrautur frá BM Vallá sem notaður er á verkefni snjógrinda á Siglufirði.

18. Magnbreytingar

Verktaki vill bóka kostnað vegna lagfæringar slóða sem lagfæra þurfti vegna verkefnis. Verktaki sendir uplýsingar vegna kröfu sem verða skoðaðar.

Verktaki nefnir kostnað vegna mikils vatns í borholum og þurfti verktaki að nota fóðringar á borholur. Max stærð á fóðringu er 1 m á borholu samkvæmt kröfum hönnuða.

Verktaki sendir uplýsingar vegna kröfu sem verða skoðaðar.

19. Aukaverk

Verktaki hefur sent Aukaverk 1 með framvindu fyrir Júlí og er hún til skoðunnar og er það krafa sem verktaki hefur sent vegna kostnaðar við að viðhalda slóða sem verktaki gerði í upphafi verks í sumar. Framvinda 2 er samþykkt með uppfærslu.

20. Viðbótarverk

Ekkert bókað.

21. Athugasemdir og kröfur verktaka

Sjá lið 18.

23. Greiðslur og uppgjör

Reikningar verða lagðir fram einu sinni í mánuði á framkvæmdatíma að jafnaði. JGG hefur sent út Framvindu.

24. Úttektir

Ekkert bókað.

25. Önnur mál

Verktaki hefur beðið um að fara leiðina upp Klofningsgil og ryðja slóðann þar upp á nýtt svo hægt sé að flytja mannskap þar upp og bor. Beiðni hefur verið send á Ísafjarðarbæ þess efnis og hún samþykkt með tilliti til gæðaáætlunnar og krafna samkvæmt útboðslýsingu og verktaki hefur skilað inn gæðaáætlun. Verktaki telur að erfitt sé að laga veg eða útbúa nýjan veg á því svæði sem nefnt er í útboðsgögnum og því er vegur upp Klofningsgil gerður og samþykktur. Sjá lið 18.

Verktaki bendir á að fóðring er vegna holu svo hún leggist ekki saman eftir borun. Verktaki fóðrar í samræmi við kröfur hönnuða.

AJ skoðar hvenær er hægt að testa borholur með tilliti til hörðnunnar með sérfræðingum Verkíss og HH.

Eftirfarandi kom ekki fram fundi en bætt við af JGG „Grautunarsteypa þarf að hafa min (6 Mpa) styrk áður en grindur eru settar upp“. AJ fer yfir styrkleikann með HH og JGG.

.Á eftirlitsferð með AJ kom fram að efni frá framleiðanda Höller er ekki allt heitgalvanhúðað og er það mál í vinnslu með JGG og AJ. Efnið þarf að ryðverja og finna lausn með framleiðanda vegna ábyrgðar.

26. Dreifing fundargerðar og viðhengi

(JGG) Jóhann Gunnar Gunnarsson, FSRE johann.gunnar.gunnarsson@fsre.is
(HH) Helgi Hinriksson, Kövunarþjónustan, Helgi Hinriksson helgi@diving.is
(SH) Sigurður Hlöðversson, FSRE, Sigurður Hlöðversson <sigurdur.h@fsr.is>
(HP) Hafsteinn Pálsson, Ofanflóðasjóður, Hafsteinn Pálsson Hafsteinn.Palsson@uar.is
(EP) Ekísabet Pálmadótir, Ofanflóðasjóður, elisabet.palmadottir@urn.is
(ARÖ) Axel Rodrigues Överby, Ísafjarðarbær, Axel Rodriguez Överby axelov@isafjordur.is
(AJ) Arnþór Jónsson; Verkís, aj@verkis.is
(ÖB) Örn Baldursson, FSRE, orn.baldursson@fsre.is

27. Næsti verkfundur

Næsti verkfundur verður haldinn eftir tvær vikur og fundarboð verður sent.

Fundarritari: JGG

Fundi slitið kl.: 15:45

F.h. verkkaupa

F.h. Köfunarþjónustan

Johann G. Gunnarsson

Helgi Hinriksson

MYNDIR

LIEBHERR
RUKO

KÓFUNAR